

AUGLÝSING

um deiliskipulag urðunarsvæðis við Bakkafjörð, Langanesbyggð.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti þann 12. maí 2015 deiliskipulag urðunarsvæðis við Bakkafjörð.

Deiliskipulagið felur í sér að á 3,75 ha svæði norðaustan þéttbýlisins á Bakkafirði er gert ráð fyrir áframhaldandi urðunar-, námu- og geymslusvæði, en svæðið hefur verið í notkun síðastliðin 20 ár. Heimilt er að urða 200 tonn á ári af almennum úrgangi. Á svæðinu eru malarnáma þar sem áætlað er að taka 50 m³ af efni árlega og geymslusvæði.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2005.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þórshöfn, 17. júlí 2015.

Elías Pétursson,
sveitarstjóri Langanesbyggðar.